



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 16.09.2016  
1609013 IE

**Efni:** Umsögn um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar ofl.

Velferðarnefnd sendi Jafnréttisstofu til umsagnar frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.fl., þskj. 1624, 857. mál. Jafnréttisstofa þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að senda inn umsögn um málið.

Almennar athugasemdir:

Jafnréttisstofa vill vekja athygli á því að mikil umræða er víða í Evrópu um kynjabil í lífeyrismálum. Jafnréttisstofa telur að skoða þurfið þau mál ítarlega hér á landi. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að efni þess „sé í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að styðja aldraða til sjálfsbjargar og hvetja til atvinnuþátttöku, einfalda almannatryggingakerfið og bæta samspil þess við lífeyrissjóðakerfið ásamt því að auka stuðning við þann hóp aldraðra sem hefur mjög lágar eða engar tekjur sér til framfærslu aðrar en bætur almannatrygginga“. Jafnréttisstofa tekur undir það að brýnt er að stjórnvöld bæti lagaumgjörð þannig að þau markmið sem tilgreind eru geti náðst. Jafnréttisstofa telur það jákvætt og nauðsynlegt að auka sveigjanleika við starfslok og upphaf lífeyristöku. Jafnréttisstofa telur jafnframt að það sé jákvætt að skapaður verði hvati fyrir eldra fólk til að halda áfram þátttöku í atvinnulífinu, ef fólk svo kýs.

Í VI. kafla athugasemda með frumvarpinu, sem ber heitið *Mat á áhrifum*, eru sýndar þrjár töflur yfir samanburð á greiðslum samkvæmt gildandi kerfi og því nýja kerfi sem lagt er til með frumvarpinu. Litið er til tegunda tekna og fjárhæða, sjá töflur 1, 2 og 3 á bls. 16 og 17. Jafnréttisstofa gerir athugasemd við það að upplýsingar í þessum þremur töflum séu ekki kyngreindar. Í töflunni þar sem lífeyrissjóðstekjur eru sýndar kemur fram að bætur hækka hjá flestum, en þegar tekjur úr lífeyrissjóðum eru orðnar 400.000 kr. þá fara bætur að lækka. Breytingin yrði því til batnaðar fyrir flesta. Í töflu 2 eru áhrif fjármagnstekna skoðuð. Þá kemur í ljós að allir verða betur settir, þ.e. fá hærri bætur í nýja kerfinu, þangað til fjármagnstekjur eru orðnar 500.000 kr. Í töflu 3 er sýnt fram á áhrif atvinnutekna. Þar kemur fram að bætur munu lækka til flestra. Þ.e. þau sem afla atvinnutekna á bilinu 150.000 – 350.000 kr. munu fá lægri bætur í nýja kerfinu, ef frumvarpið verður að lögum. Jafnréttisstofa telur að þessi staða, sem sýnd er í töflu 3, sé tæplega í samræmi við yfirlýst markmið um að hvetja til atvinnuþátttöku eldra fólks. Þetta þarf að endurskoða og útfæra á þann veg að sé í samræmi við markmiðið um að auka atvinnuþátttöku.



## Jafnréttisstofa

Að öðru leyti hefur Jafnréttisstofa ekki forsendur til þess að fara mjög ítarlega yfir útreikninga eða forsendur fyrir þeim útreikningum. En ljóst er að fara þarf betur yfir útfærsluna, til þess að frumvarpið nái markmiðum sínum.

Jafnréttisstofa fagnar því að kynjamat hafi farið fram á áhrifum frumvarpsins, sjá fylgiskjal II. Rétt er að taka það fram að breytingar á kerfinu, sem myndu bæta stöðu kvenna umfram karla, væru einnig í samræmi við c. lið 1. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir að markmiði jafnréttislaga, sbr. 1. gr., skuli m.a. náð með því að „bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu“. Vitað er að fleiri eldri konur en karlar búa við bág kjör, sbr. einnig athugasemdir í fylgiskjali II með frumvarpinu. Jafnréttisstofa minnir einnig á að sértækar aðgerðir til að bæta stöðu þess kyns sem á hallar í tilteknum aðstæðum eða hópum eru heimilar skv. lögum nr. 10/2008.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elfasdóttir

lögfræðingur